



Áfangalýsing ML

Titill:	Náms- og starfsval
Námsgrein:	Lífsleikni
Viðfangsefni:	Stúdentspróf – og hvað svo?
Skammstöfun:	LÍFS1NS01
Prep:	1
Einingafjöldi:	1
Lýsing:	Í áfanganum er unnið að því að nemendur séu vel í stakk búnir til að marka sér framtíð og bera ábyrgð á þeirri leið sem þeir kjósa eftir að Menntaskólanum að Laugarvatni sleppir. Kenndar eru leiðir til að efla sjálfsþekkingu og að taka ákvarðanir á yfirvegaðan hátt. Áhersla er lögð á að nemendur séu meðvitaðir um þá óþrjótandi möguleika sem í boði eru í framhaldsnámi héraendis og erlendis og að þeir þekki leiðir til að afla upplýsinga á þessu sviði. Lögð er áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir samhengi menntakerfis og vinnumarkaðar og þekki nokkur einkenni íslensks vinnumarkaðar.
Forkröfur:	Engin
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none">• kenningu Hollands um áhugasvið• leiðum til að efla styrkleika og vinna með veikar hliðar• gerð náms- og starfsferilsskráa• framboði á framhaldsnámi héraendis og erlendis og leiðum til að afla upplýsinga um nám og störf
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none">• finna upplýsingar um nám og störf og átta sig á kröfum sem gerðar eru til einstaklinga í mismunandi námi og störfum• skoða ólík störf og starfsumhverfið sem þeim tengist
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none">• þróa náms- og starfsferil sinn á uppbyggilegan hátt• nýta styrkleika sína sem best
Námsmat	Símatsáfangi